

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um endurskoðun laga um meðferð opinberra mála.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvernig miðar störfum réttarfarsnefndar við endurskoðun laga um meðferð opinberra mála og hvenær er að vænta tillagna frá nefndinni?
2. Hefur réttarfarsnefnd fjallað um tillögur um að numdar verði brott takmarkanir við því að maður sem hefur verið sakfelldur í opinberu máli geti áfrýjað til Hæstaréttar, sbr. 265. mál 127. löggjafarþings sem Alþingi samþykkti að vísa til ríkisstjórnarinnar með hliðsjón af starfi nefndarinnar?